

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Deiliskipulag fyrir Kolsholt 1 og Jaðarkot.*
Í deiliskipulaginu felst að á 25 ha svæði er afmarkaður byggingarreitur utan um þrjú þegar byggð íbúðarhús þar sem heimilt verður að reisa allt að 200 m² bílskúr/skemmu, byggingarreitur utan um núverandi fjós þar sem heimilt verður að reisa 1.000 m² nýtt útihús (eða stækkun) og einn byggingarreitur fyrir nýtt allt að 250 m² íbúðarhús.
Samþykkt í sveitarstjórn 3. febrúar 2010.
2. *Deiliskipulag Litla-Holts í landi Ölvisholts.*
Í deiliskipulaginu er markaður byggingarreitur fyrir íbúðarhús ásamt bílgeymslu þar sem heimilt er að reisa allt að 280 m² hús og byggingarreitur fyrir skemmu þar sem heimilt er að reisa allt að 800 m² skemmu.
Samþykkt í sveitarstjórn 2. desember 2009.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 25. ágúst 2010.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.

—————

B-deild – Útgáfud.: 8. september 2010